

Hver á kolefnisbindinguna?

Hilmar Gunnlaugsson lögmaður hjá Sókn lögmannsstofu situr í kolefnisnefnd LSE ásamt þeim Birni Ármanni Ólafssyni og Ívari Ingimarssyni. Til stóð að Hilmar héldi framsögu um þetta málefni á ársþinginu, en hann forfallaðist. Hann hefur um árabíl hvatt skógræktendur til að festa í sessi eignarrétt sinn að þeim réttindum sem felast í kolefnisbindingu á landi.

Ég tel mig hafa séð af eigin reynslu að skýr eignarréttur getur verið aflvaki verðmætasköpunar. Eignarréttur nýtur sterkrar stöðu í íslenskri réttarvitund eins og sést í stjórnarskrá okkar. Eftir að hafa starfað að málum vatnsréttarhafa um árabíl tel ég það mikið hagsmunamál fyrir landeigendur að halda í eignarrétt á ýmsum afurðum lands, jafnvel þó aðrir en landeigendur geti verið þeim hæfari í að nýta afurðirnar, eða að nýting þeirra sé öðrum verðmætari en landeigendum.

Leiðin er einföld að mínu mati fyrir landeigendur. Ekki selja eignarréttindin frá landinu, leigið þau frekar tímabundið frá ykkur. Með því móti er tryggt að ef verðmæti þeirra eykst, þá njótið þið þeirrar verðmætaaukningar. Þetta hefur verið að gerast með vatnsréttindi, það er æ algengara að virkjunaraðilar leigi slík réttindi og borgi afgjald, jafnvel sem hlutfall af þeim tekjum sem réttindin skapa, eftir að þau eru virkjuð.

Hið sama er hægt að gera með kolefnisbindinguna að mínu mati. Landeigandi ræður hvort og hvernig land er nýtt. Hann getur þannig stýrt því að hve miklu leyti land nýtist til kolefnisbindingar. Það er eðlilegt að hann hafi hvata af því að stuðla að aukinni kolefnisbindingu, t.d. með samningum við aðila sem vilja eða þurfa að stuðla að slíkri bindingu til að jafna fótspor sitt.

Hilmar hefur því hvatt skógareigendur til að festa þessi réttindi sín í sessi með samningagerð. Hefur hann tekið að sér að koma fram sem miðlari slíkra réttinda, þ.e. safna saman kolefnisbindingu fleiri landeigenda og miðla henni til aðila sem vilja eða þurfa að kolefnisjafna sig í stórum stíl.

Ívar Ingimarsson skógarbóndi og ferðabjónustuaðili telur þetta skref skynsamlegt og hefur gengið frá samkomulagi í þessa veru og þinglýst því á jörðina sína: *Ég taldi rétt að gera samkomulag um framsal á þeirri auðlind sem kolefnisbindingin er, til að geta stuðlað að sjálfbærri skógrækt. Ég taldi mikilvægt að taka skrefið og festa í sessi eignarrétt minn sem landeigandi á þessum réttindum. Kostnaðurinn er nánast enginn en málefnið brýnt.*

Um hvað snýst málið?

- ✓ Landeigendur sýni frumkvæði og festi eignarrétt sinn í sessi.
- ✓ Landeigendur hafi forgöngu um að formbinda verðmætin og gera þau sýnilegri. Auðvelda þeim sem vilja njóta réttindanna að gera samninga þar um.
- ✓ Ekki selja eignarréttinn, einungis tímabundinn afnotarétt.
- ✓ Safna saman fjölda jarða.

Nánari upplýsingar veitir Hilmar Gunnlaugsson í netfangið hilmar@sokn.is.